

Reykjavík, 21. október 2024

Nefnda- og greiningarsvið Alþings  
b.t. fjárlaganefndar Alþingis  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
[um@um.is](mailto:um@um.is)

Bl. | 1

### Efni: Athugasemd vegna erindis dbnr. 79

Hinn 3. október síðastliðinn barst fjárlaganefnd Alþingis erindi frá Heimili kvikmyndanna ses., þar sem óskað er eftir því að nefndin hlutist til um að stofnuninni verði veitt 50 millj. kr. framlag á fjárlögum fyrir árið 2025 til að tryggja *aðgengi allra og viðunandi aðstæður* í kvikmyndahúsinu Bíó Paradís á Hverfisgötu ([dbnr. 79](#)).

Framangreint erindi hefur verið rætt á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu. Auðsætt er að opinber fjárframlög til reksturs eins kvikmyndahúss leiðir af sér alvarlega mismunun og skekkir samkeppnisstöðu kvikmyndahúsa. Sá fjárstuðningur sem óskað er eftir úr ríkissjóði mun koma til viðbótar fjárstuðningi Reykjavíkurborgar sem nemur **60 millj. kr.** á þessu ári. Þetta er annað árið í röð sem fjárlaganefnd Alþingis berst erindi af þessu tagi og að tillögu meiri hluta fjárlaganefndar var Heimili kvikmyndanna ses. veitt sérstakt **18 millj. kr.** rekstrarframlag fjárlagaárið 2024. Á þessu ári má því gera ráð fyrir að opinber fjárstuðningur við starfsemi kvikmyndahússins nemi a.m.k. 78 millj. kr. Ekki verður séð að gengið hafi verið úr skugga um að umfang styrkjanna nemi fjárhæð sem rúmast innan marka reglna EES-samningsins á sviði ríkisstyrkja.

Forsendur fyrir rekstri kvikmyndahúsa hafa gjörbreyst með samfélags- og tæknibreytingum undanfarinna áratuga. Streymisveitur hafa fært áhorf að stærstum hluta inn á heimili og vinsældir sjónvarpsþátta hafa aukist á kostnað kvikmynda. Aðsókn í kvikmyndahús hefur dregist verulega saman og er nú aðeins helmingur þess sem hún var fyrir heimsfaraldur COVID-19. Algjört aðsóknarhrun varð í heimsfaraldrinum enda reistu stjórnvöld slíkum rekstri mjög miklar skorður, svo miklar að hann varð í raun ómögulegur. Stuðningsaðgerðir stjórnvalda vegna samkomutakmarkanna var rýr þar sem þeim var ekki fyrirskipað að loka heldur laga sig að breyttum aðstæðum. Fyrir vikið sátu rekstraraðilar kvikmyndahúsa uppi með fastan kostnað auk rekstrarkostnaðar á sama tíma og tekjufall blasti við. Vegna sambærilegra afleiðinga veittu ríkissjóður og Reykjavíkurborg tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu 400 millj. kr. fjárstuðning vegna tekjutaps og Þjóðleikhúsinu 350 millj. kr. viðbótarframlag. Reykjavíkurborg lagði 78 millj. kr. til Borgarleikhússins sem bjó við sambærilegar aðstæður og kvikmyndahúsin. Tjón af tekjufalli kvikmyndahúsanna var því gríðarlegt og er rekstur þeirra er enn í járnum. Kvikmyndasýningar í Háskólabíói heyra sögunni til og önnur bíóhús hafa fækkað sýningarsölum. Um síðustu mánaðamót var tveimur kvikmyndasölum við Álfabakka í Reykjavík lokað og um næstu mánaðarmót verður hinu sögufræga Nýjabíói í Keflavík skellt í lás. Rekstraraðilar kvikmyndahúsa standa því frammi fyrir alvarlegri stöðu og mega ekki við frekari skakkaföllum.


Margt gott má segja um kvikmyndahúsið Bíó Paradís. Það virðist þó ljóst að rekstur þess er ósjálfbær. Ríkur stuðningur við reksturinn mun óhjákvæmilega koma niður á tekjumöguleikum annarra kvikmyndahúsa sem hafa, eins og Bíó Paradís, félagslegu og menningarlegu hlutverki að gegna, gera íslenskri kvikmyndagerð hátt undir höfði og skapa fjölda starfa.

Af framangreindum sökum vilja SVP vara alvarlega við því að tekið verði jákvætt í Bls. | 2  
framangreinda beiðni nema samhliða verði gripið til frekari mótvægisáðgerða.

Að lokum hvetja SVP til þess að jafnræði verði í heiðri haft kjósi Alþingi að veita fjárframlög til kvikmyndasýninga. Í því samhengi væri skoðunar virði að bjóða út þá félags- og menningarlegu þjónustu kvikmyndahúsa sem æskilegt er talið að hér verði starfrækt. Þá mundi það samræmast jafnræðisrökum afar vel ef leiðrétt yrði það ósamræmi sem felst í því að kvikmyndahúsum ber að leggja 24% virðisaukaskatt á miðaverð á meðan 11% virðisaukaskattur er lagður á áskriftir sjónvarpsstöðva og streymisveitna. Sú staða leiðir augljóslega til misræmis, mishár skattur er lagður á einu og sömu kvikmyndina, allt eftir því hvar hún er sýnd. Leiðréttingin mun nýtast greininni allri og skapa fyrirtækjum hennar að tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli við erlendar streymisveitur.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



*Benedikt S. Benediktsson*  
*framkvæmdasjóri*